

## Umsögn

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 23. nóvember 2023

Tilvísun: M23110554 / 00.08.00 Almennt

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um nýsköpunar-, rannsókn- og þróunarsjóð ferðaþjónustunnar.**

**Þingskjal 62-62. mál. 154. löggjafarþing 2023-2024.**

Vísað er í erindi nefndasviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 9. Nóvember, þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um nýsköpunar-, rannsókn- og þróunarsjóð ferðaþjónustunnar.

### Umsögn Ferðamálastofu

Ferðamálastofa mælist til að stofnun sérstaks rannsóknasjóðs taki tillit til hlutverks Ferðamálastofu um rannsóknir í ferðaþjónustu.

Í 12. grein laga um Ferðamálastofu (nr. 96/2018) segir:

*Ferðamálastofa skal safna gögnum sem nýtast við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í ferðaþjónustu og birta þau. Stofnunin skal jafnframt stuðla að rannsóknum og greina þörf fyrir rannsóknir á sviði ferðamála og vinna rannsóknaráætlun í samstarfi við rannsóknastofnanir, háskóla og atvinnugreinina þar sem skilgreind er rannsóknarþörf og forgangsroðun verkefna.*

Nánari útlístan er í reglugerð 20/2020, um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála, þar sem fram kemur að „Ferðamálastofa skal móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni Jafnvægisáss ferðamála og stefnumótunar stjórnvalda. Rannsóknaráætlunin tekur mið af þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni til gagnaöflunar og rannsókna“.

Ferðamálastofa tekur undir mikilvægi þess að fjármagn til rannsókna í þágu ferðaþjónustu verði aukið og fært til samræmis við rannsóknafé í öðrum undirstöðu atvinnuvegum þjóðarinnar.

Ferðamálastofa mælist enn fremur til að áform um stofnun nýsköpunar-, rannsókn- og þróunarsjóðs í þágu ferðaþjónustu taki mið af endanlegum tillögum stýrihóps á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis sem nú leggur lokahönd á aðgerðaáætlun fyrir ferðamálastefnu til 2030.

Virðingarfyllt

F.h. Ferðamálastofu

